

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/1228****2018/EES/7/56**

frá 20. mars 2017

um skilyrði fyrir flokkun, án prófunar, á utan- og innanhússmúrhuðunarefnum með lífrænum bindiefnum, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 15824, og múrblöndum fyrir pússningarmúr, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 998-1, með tilliti til viðbragða þeirra við bruna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 27. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Kerfi fyrir flokkun eftir nothæfi byggingarvara með tilliti til viðbragða þeirra við bruna var samþykkt í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/364 ⁽²⁾. Utan- og innanhússmúrhuðunarefni með lífrænum bindiefnum og múrblöndur fyrir pússningarmúr eru meðal þeirra byggingarvara sem sú framselda reglugerð tekur til.
- 2) Með prófunum hefur verið sýnt fram á að nothæfi utan- og innanhússmúrhuðunarefna með lífrænum bindiefnum, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 15824, og múrblöndur fyrir pússningarmúr, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 998-1, sé stöðugt og fyrirsjáanlegt að því er varðar viðbrögð við bruna, að því tilskildu að þau uppfylli tiltekin skilyrði um hámarksinnihald lífrænna efna í vörunni, hámarksmassa á hverja flatareiningu undirlagsins og nothæfi undirlagsins með tilliti til viðbragða við bruna.
- 3) Utan- og innanhússmúrhuðunarefni með lífrænum bindiefnum, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 15824, og múrblöndur fyrir pússningarmúr, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 998-1, ættu því, að uppfylltum þeim skilyrðum, að teljast uppfylla skilyrði tiltekins nothæfisflokks, sem komið var á með framseldri reglugerð (ESB) 2016/364, að því er varðar viðbrögð við bruna, án þess að farið verði fram á frekari prófun.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Utan- og innanhússmúrhuðunarefni með lífrænum bindiefnum, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 15824, og múrblöndur fyrir pússningarmúr, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 998-1, sem uppfylla skilyrðin í viðaukanum, skulu teljast uppfylla, án prófunar, skilyrði flokkanna að því er varðar nothæfi sem tilgreindir eru í viðaukanum.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. mars 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 177, 8.7.2017, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 235/2017 frá 15. desember 2017 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjútíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/364 frá 1. júlí 2015 um flokkun byggingarvara eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (Stjútíð. ESB L 68, 15.3.2016, bls. 4).

VIÐAUKI

Vörur ⁽¹⁾	Hámarksinnihald lífrænna efna ⁽²⁾ (% af þyngd)	Hámarksmassi á hverja flatareiningu ⁽³⁾ (kg/m ²)	Flokkur ⁽⁴⁾
Utan- og innanhússmúrhlúðunarefni með lífrænum bindiefnum sem falla undir samhæfða EN staðalinn 15824	≤ 9,0	≤ 4,0	B - s2, d0
Utan- og innanhússmúrhlúðunarefni með lífrænum bindiefnum sem falla undir samhæfða EN staðalinn 15824 og Múrblöndur fyrir pússningarmúr sem falla undir samhæfða staðalinn EN 998-1	≤ 2,5	≤ 6,0	A2 - s1, d0
	≤ 4,0	≤ 4,0	
	≤ 5,0	≤ 2,0	

(1) Vörur sem eru afhentar í deig- eða duftformi og notaðar í innanhúss- og utanhússklæðningu veggja, súlna, milliveggja og lofta. Nothæfi undirlaganna skal a.m.k. teljast til flokks A2 — s1, d0 og eðlismassinn skal ekki vera undir 525 kg/m³.

(2) Í tengslum við innihald þurrefna (í samanburði við alveg þurran pússningarmúr sem er notaður í undirlagið).

(3) Í tengslum við vota vöru (tilbúin til notkunar).

(4) Flokkur, eins og hann er settur fram í töflu 1 í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2016/364.